




Til allsherjarnefndar

Fjöldi dómþola í boðun


Eins og sjá má á neðangreindu súluriti hefur dómþolum á boðunarlista fjölgað stöðugt á síðastiðnum árum. Í lok árs 1994 voru 208 dómþolar á boðunarlista en þeim tók að fækka á árinu 1995 er Hús 4 á Litla-Hrauni var tekið í notkun. Frá árinu 2003 hefur boðunarlistinn lengst verulega og ef taldir eru með óunnir dómáru eru dómþolar nú tæplega 370 með 450 dóma samtals.

Þá skal þess getið að nú eru um 2.000 manns sem boðaðir hafa verið til að afplána vararefsingu féseкта. Þá er sérstök athygli vakin á því að nú eru 72 dómþolar í boðun á eftirstöðvum vararefsingar eftir að hafa rofið skilyrði samfélagsþjónustu í stað vararefsingar en stofnunin telur mikilvægt að menn sem rjúfa skilyrði samfélagsþjónustu geti afplánað eftirstöðvarnar en komist ekki betur frá refsingunni en þeir sem standast skilyrðin og ljúka þannig málum sínum.






Súluritið hér að neðan sýnir fjölda fangelsisára á boðunarlistum í lok árunna 2004-2009. Í þessu samhengi er mikilvægt að líta einnig til óunninna dóma, þ.e. dóma sem borist hafa til fullnustu og bíða þess að dómþolar séu formlega boðaðir til afplánunar. Á síðustu 3 súlunum sést að fangelsisárum fjölgaði um 30% frá september 2009 til mars 2010 en þrátt fyrir opnun Bítu fjölgar enn fangelsisárum og í lok maí voru þau orðin 160 ár.



Heildarrefsitími sem Fangelsismálastofnun hefur borist innan hvers árs 1989-2010


Heildarrefsitími sem stofnuninni berst á ári hverju hefur aukist verulega svo sem sjá má á neðangreindu súluriti. Ekkert bendir til að heildarrefsitími sem stofnuninni berst á næstu árum muni minnka, þvert á móti telur stofnunin, í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu, að hann geti hækkað verulega.






Innkómur í gæsluvarðhald

Eins og sjá má af neðangreindu súluriti hefur erlendum gæsluvarðhaldsföngum sem úrskurðaðir eru í gæsluvarðhald fjölgað verulega á undanförunum árum. Stofnunin telur ekki miklar líkur á að þeim muni fækka á næstu árum.



Innkómur í afplánun


Eins og sjá má af neðangreindu súluriti hefur erlendum föngum sem hefja afplánun einnig fjölgað umtalsvert á undanförunum árum.





Fjölgun fanga með lengri refsingur

Föngum sem afplána þyngri refsingar hefur fjölgað verulega í fangelsum á undanförunum árum. Súluritið hér að neðan sýnir meðaltalsfjölda fanga á dag sem afplána 3ja ár fangelsisrefsingu eða hærrí. Slíkum föngum hefur fjölgað yfir 100% frá árunum 2004-2005 til dagsins í dag.



Tilfni fangavistar

Á súluritinu sést skipting fanga eftir brotum 31. maí 2011. Eins og sjá má á fyrstu 3 súlunum eru ofbeldisbrot í meiri hluta ásamt fíkniefnabrotum og kynferðisbrotum en stofnunin hefur eins og kunnugt er lagt áherslu á að taka menn til afplánunar sem eru með þyngri brot á bakinu.

